

# NOVIS deildin - Könnun

9.-15 febrúar 2023

Sendur var tölvupóstur á alla félagsmenn ÍPS sem hafa tekið þátt í NOVIS deildinni síðan í janúar 2022. 237 einstaklingar fengu tölvupóst og 92 svöruðu könnuninn (um 40% svarhlutfall)

## SPURNING 1

“Í hvaða NOVIS deild hefur þú alltaf eða oftast skráð þig?”


Suð-vestur (Rvk)



Norð-austur (Ak)




Suð-vestur (Rvk) - Kvenna




## SPURNING 2

“Á hvaða bili var síðasta meðaltal þitt í deildinni?”

30-40




41-50




51-60



61-70




70+



### SPURNING 3

Ljóst er að mikill meirihluti svarenda er ánægður með meðaltals-fyrirkomulag NOVIS deildarinnar. **80%** sögðust vera ánægð eða mjög ánægð með fyrirkomulagið.


“Hvernig líkar þér það fyrirkomulag að raða leikmönnum í deildir út frá meðaltali?”



Þegar svarendur með meðaltal 61 og yfir voru skoðaðir sérstaklega var ánægjan heldur minni en var þó **62,5%**.

### SPURNING 4

“Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lengd hvernar umferðar? (Þann tíma sem hver umferð tekur)”




**21%** svarenda eru óánægð með lengd hvernar umferðar, **26%** höfðu enga skoðun og **53%** voru annað hvort ánægð eða mjög ánægð með lengd hvernar umferðar.

#### SPURNING 4

Hér var augljóst að eftir því sem leikmenn höfðu hærra meðaltal, þeim mun fleiri leggi vilja þeir spila. Af leikmönnum með 50 og neðar í meðaltal voru **67,38%** sem vilja spila best af 5 eða 3 leggjum. Af leikmönnum með 51 og hærra í meðaltal voru **85,5%** sem vilja spila best af 7 leggjum.


Best af 3 leggjum



Best af 5 leggjum




Best af 7 leggjum



#### SPURNING 5

“Hversu góð eða léleg finnst þér upplýsingagjöf um NOVIS deildina hafa verið frá ÍPS?”



Leikmenn í NOVIS deildinni eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf um NOVIS deildina frá ÍPS. **80%** eru annað hvort ánægðir eða mjög ánægðir og aðeins **5%** eru óánægð með upplýsingagjöf um NOVIS deildina

## SPURNING

“Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi NOVIS deildina?”

Síðasta spurningin í könnuninni var opin spurning þar sem félagsmenn gáðu skrifað í opið textabox ef það var eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri. Hér eru þau svör sem bárust.

- \* "spurning með efstu deildir vinnings leggir telja meira 🤔"
- \* "Mundi vilja að menn haldi sínu meðaltali. Semsagt að það núllist ekki út ef þú missir af einhverju skiptum. Ég kemst til dæmis ekki oft vegna vinnu. En kem þegar ég get. Annars frábært mót. Takk fyrir"
- \* "Þetta er briliant, ég er mjög ánægður með að hafa bara 1 dag undir í stað þess að taka fleiri en 1x dag eins og sum önnur mót."
- \* "Takk fyrir ykkar starf í þágu pílunnar 😊"
- \* "Þetta eru frekar langir dagar með mjög stuttri "matar" pásu annars mjög skemmtileg."
- \* "Mætti skoða að menn séu ekki að falla um deild með 4-5 sigra og með lélegt meðaltal"
- \* "Mér finnst mjög gaman að taka þátt og frábært að setja menn í þann styrkleikaflokk sem hentar þeim hverjum og einum. Það er að mínu viti mjög vel að öllu staðið. "
- \* "Virkilega flott deild og mikið framfara spor fyrir píluna hér á landi að rampað á þetta fyrirkomulag. Spurning þó að hafa ekki avg í 3 efstu deildunum bara 2 upp og niður. Bestu avg færi þá beint í 4 deildina og myndu vinna sig upp þaðan.."

- \* "Ég held að þetta mót hafi marga kosti og það sem einna helst er að fá sem flesta pílukastara til að taka þátt í mótum sem þessu. Aftur á móti, þá finnst mér alveg fráleitt að notast við meðaltal til að raða niður í deildir eða bara almennt að ÍPS sé í fararbroddi að búa til pílukastara sem hugsa meira um meðaltalið sitt en að vinna leiki/leggi. Meðaltal er góð leið til að sjá hvort þú sért að spila vel en það þarf mikin vilja og þrautseigju til að finna einhver sambönd í heiminum sem nýta meðaltalið eins og við erum að gera. Einnig að spila eingöngu í riðlum ekki heppilegasta leiðin til að þjálfra upp afreks pílukastara. Öll mót í heiminum enda með útslætti eða stigagjöf og þó að ég sé meðvitaður að erfitt er að bæta við útslætti með núverandi fyrirkomulagi, þá er ekki flókið að bæta við stigagjöf og fá alvöru stigalista sem við getum borið okkur saman við önnur sambönd/lönd.

Ég vil taka það fram að þetta mótafyrirkomulag hefur gert marga góða hluti fyrir pílukast á Íslandi og á stjórn ÍPS heiður skilið fyrir það. Ég er að gagnrýna fyrirkomulagið á mótinu sem upphaflega átti að koma í staðin fyrir stigamót ÍPS. Mér finnst að það eigi að taka meðaltalið í burtu í fyrstu 2-3 deildunum og búa til stigagjöf sem tekur mið að sigrum en ekki hvað þú ert með í meðaltal. Þú fellur og vinnur þig upp um deildir í gegnum sigra sem jú, er það mikilvægasta í pílukasti sem og öðrum íþróttum. :)"

- \* "Breyta tíma hvað þetta byrja. Sunnudaginn klukkan 10 er alltof snemmt finnst mér."
- \* "Eina sem ég hef að setja út á fyrirkomulagið á Novis deildinni er að meðaltalið fari í 0 ef maður missir af tveimur mótum.  
Mér finnst að það mætti fara í lámörk 3 skipti, jafnvel 4"
- \* "Er ekki sáttur við að vera núllaður og byrja aftur á botninum ef ég kemst ekki í tvö mót í röð."
- \* "Að hafa það þannig að ef kvenmenn ætla ekki að spila í kvenna deildinni, þá bara eru þær ekki þar. Ekki að leyfa þetta flakk á milli. Og hætta að hringla í því hvort það megi sleppa einu mót eða tveim. Bara að hafa það þannig að það megi sleppa einu. "



- \* "Mig finnst að efstu deildir ættu að fara eftir stiga gjöf ekki meðaltali því meðaltal segir ekki hvor leikmaður vann leikinn 😊"
- \* "Hætta með kvenna deildir, hafa allt saman."
- \* "Mér finnst að það eigi að vera þannig ef þú skráir þig deild þá áttu að vera í þessari deild ekki vera svissa á milli kk og kvk "
- \* "Loftræsting of misjöfn a bullseye"
- \* "Virkilega gott fyrirkomulag. Hvað er betra en að eyða heilum sunnudegi í það sem manni finnst skemmtilegt. Gaman að keppa við gæja á sínu leveli og keppa við þá bestu "
- \* "Average hefur of mikið gildi að mínu mati. Mér finnst það hafa skemmt hugsun margra að vera alltaf að horfa í meðaltalið og stundum er bara betra að tapa nokkrum leikjum til að halda góðu average-i.  
Maður á að vilja vinna alla leiki og ef þú vinnur þá skiptir engu máli hvað average er.  
Ég hef svosem enga lausn eða tillögur en mér finnst deildarkeppni heillandi og í fullkomnum heimi þá færu bara 2 upp og 2 niður en ekki þetta rót á milli nokkra deilda útaf þú áttir einn slæman dag og náðir ekki average. Ef þú missir svo af Novis móti þá er bara eins og þú hafir fallið úr þinni deild niður bara í þá næstu ekki jafnvel halda sæti þínu eða detta niður um 3 deildir.  
Almennt ánægður samt og fagna því að það sé nóg að gera í þíllunni."
- \* "Gríðarlega ánægður með þetta. Vantar samt smá einhvern ranking lista á Ísland sem snýr að því að vinna leiki en ekki ná góðu avr ef þið skiljið hvað ég meina. Einhverskonar stigalista 🙏"
- \* "Held að flestar konur séu að fara yfir í karla, við erum 8 konur sem erum bara fastar í gull, komumst hvorki upp né niður. Hef allavega heyrt í nokkrum sem ætla að færa sig yfir. Okkur finnst líka fáránlegt að þær nokkrar spili allan timan í karla og koma svo í síðasta í kvenna og taka þá deild. "

- \* "mætti vera matartími og smóke pásur alltof stíft spilað"
- \* "Þið eruð geggaðir"
- \* "Takk fyrir frábært mót :-)"
- \* "Halda áfram með að hafa þetta sem avg í öllum deildum. Leikmenn ráðast á rétta staði og allir spila við aðra leikmenn á sama getustigi. Halda þessu óbreyttu. "